



Borgarráð

Tillaga um vinnuhóp borgarráðs vegna styrkúthlutunar borgarráðs 2022

Reykjavíkurborg auglýsti eftir umsóknum um styrki úr borgarsjóði vegna starfsemi á árinu 2022. Meðal markmiða styrkveitinga er að styrkja og efna til samstarfs við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangs röðun borgaryfirvalda vegna starfsemi á árinu 2022. Umsóknartímabil var frá 1. september til 1. október 2021 og bárust borgarráði 22 styrkumsóknir að þessu sinni sem eru nú í umsagnarferli.

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela Þórdísi Lóu Þórhallsdóttur, formanni borgarráðs og Eypóri Laxdal Arnalds, borgarráðsfulltrúa að yfirfara fyrirliggjandi styrkumsóknir auk umsagna og gera í framhaldinu tillögu til borgarráðs um árlega úthlutun. Með þeim starfar Ívar Vincent Smáráson, verkefnisstjóri á skrifstofu borgarstjórnar.

Vinnuhópurinn skal leggja tillögu sína fyrir borgarráð eins skjótt og unnt er og í síðasta lagi 20. janúar nk.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar